

Múlaþing  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir

Garðabær, 11. janúar 2024  
Málsnúmer: 202311-0050  
IAS

**Efni: Umsögn um tillögu um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, náma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða**

Vísað er í tölvubréf frá Múlaþingi frá 24. nóvember, sem barst í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu við breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Landeigendur Ketilsstaða 2 á Völlum vilja vinna efni úr Kiðueyri í Grímsá, norðan Urriðalæks. Heildarflatarmál fyrirhugaðrar efnistöku- haugsvæðis er 22 000 m<sup>2</sup> og er áætlað að taka 8 000 m<sup>3</sup> á ári næstu þrjú árin. Í greinargerð um námuna segir meðal annars: „Forðast skal eins og kostur er að raska árbökkum og árbotni. Afrennsli fari í nægilega stórar settjarnir til að tryggja að sem minnst grugg fari út í árvatnið.“ Efni hefur áður verið tekið á þessum stað í smáum stíl og hægt er að komast að svæðinu eftir vegarslóða sem þegar er fyrir hendi.

Náttúrufræðistofnun hefur gefið umsögn um málið á fyrri stigum og ítrekar að efnistaka í virkum áreyrum getur haft neikvæð áhrif á lífríki árinna langt út fyrir efnistökusvæðið sjálft. Fuglalíf er töluvert á óshólmasvæði Grímsár sem er töluvert gróið m.a. víðikjarri og votlendi. Það er því mikilvæt að fylgst sé vel með því að fyrirhugaðar settjarnir virki, að rykmengun verði ekki frá efnishaugum og að sem minnst grugg berist í árvatnið.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

